

Borgum v/Norðurlóð, 600 Akureyri

Sími 460-8900 Fax 460-8919

Netfang: rha@unak.is

Veffang: <http://www.rha.is>



Nýnemakönnun

Maí 2007

Unnið fyrir:

Háskólann á Akureyri

HJÖRDÍS SIGURSTEINSDÓTTIR

Efnisyfirlit

1. INNGANGUR	1
2. FRAMKVÆMD OG HEIMTUR	2
3. NIÐURSTÖÐUR	3
3.1 GRUNNUPPLÝSINGAR.....	3
3.2 BÚSETA OG NÚVERANDI HÚSNÆÐI.....	5
3.3 MENNTUN FORELDRA	6
3.4 BAKGRUNNUR SVARENDA	7
3.5 UPPLÝSINGAR UM HA OG VAL NEMENDA	9
3.6 LÍÐAN Í SKÓLANUM OG VIÐHORF TIL HA	14
3.7 VELGENNISVIKA	31
4. LOKAORÐ	36
5. VIÐAUKI	37

Myndaskrá

Mynd 1. Svarhlutfall	2
Mynd 2. Kynjahlutfall svarenda.....	3
Mynd 3. Fjölskylduhagir.....	4
Mynd 4. Fjöldi barna sem svarendur eiga.....	5
Mynd 5. Varst þú búsett(ur) á Akureyri áður en þú hófst nám við HA?.....	5
Mynd 6. Í hvernig húsnæði býrð þú?	6
Mynd 7. Menntun foreldra.....	7
Mynd 8. Hvar voru nýnemar í framhaldsskóla?	8
Mynd 9. Af hvað braut komu svarendur?.....	9
Mynd 10. Hvernig fékkst þú fyrst upplýsingar um HA?.....	10
Mynd 11. Hvers vegna valdir þú HA?.....	12
Mynd 12. Kom til greina fyrir þig að velja annan skóla en HA, greint eftir kyni?	13
Mynd 13. Kom til greina fyrir þig að velja annan skóla en HA, greint eftir háskóladeild.	13
Mynd 14. Hvaða annar skóli kom til greina?	14
Mynd 15. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar?.....	14
Mynd 16. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi námið, greint eftir kyni.	15
Mynd 17. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi námið, greint eftir aldri.	15
Mynd 18. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi námið, greint eftir háskóladeild.....	16
Mynd 19. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi kennsluna, greint eftir kyni.	16
Mynd 20. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi kennsluna, greint eftir aldri.	17
Mynd 21. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi kennsluna, greint eftir háskóladeild.....	17
Mynd 22. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi aðstöðu í kennslustofum, greint eftir kyni.....	18
Mynd 23. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi aðstöðu í kennslustofum, greint eftir aldri.	18
Mynd 24. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi aðstöðu í kennslustofum, greint eftir háskóladeild.	18
Mynd 25. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi aðstöðu í lesstofum, greint eftir kyni.....	19
Mynd 26. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi aðstöðu í lesstofum, greint eftir aldri.	19
Mynd 27. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi aðstöðu í lesstofum, greint eftir háskóladeild.	19

Mynd 28. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi aðstöðu í tölvurými, greint eftir kyni..... 20

Mynd 29. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi aðstöðu í tölvurými, greint eftir aldri..... 20

Mynd 30. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi aðstöðu í tölvurými, greint eftir háskóladeild..... 20

Mynd 31. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi þjónustu bókasafnsins, greint eftir kyni..... 21

Mynd 32. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi þjónustu bókasafnsins, greint eftir aldri..... 21

Mynd 33. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi þjónustu bókasafnsins, greint eftir háskóladeild..... 22

Mynd 34. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi þjónustu deildarskrifstofu, greint eftir kyni..... 22

Mynd 35. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi þjónustu deildarskrifstofu, greint eftir aldri..... 23

Mynd 36. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi þjónustu deildarskrifstofu, greint eftir háskóladeild..... 23

Mynd 37. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi þjónustu afgreiðslu skólans, greint eftir kyni..... 24

Mynd 38. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi þjónustu afgreiðslu skólans, greint eftir aldri..... 24

Mynd 39. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi þjónustu afgreiðslu skólans, greint eftir háskóladeild..... 24

Mynd 40. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi þjónustu tölvukerfis, greint eftir kyni..... 25

Mynd 41. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi þjónustu tölvukerfis, greint eftir aldri..... 25

Mynd 42. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi þjónustu tölvukerfis, greint eftir háskóladeild..... 25

Mynd 43. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi þjónustu gagnasmiðjunnar, greint eftir kyni..... 26

Mynd 44. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi þjónustu gagnasmiðjunnar, greint eftir aldri..... 26

Mynd 45. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi þjónustu gagnasmiðjunnar, greint eftir háskóladeild..... 26

Mynd 46. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi þjónustu mötuneytisins, greint eftir kyni..... 27

Mynd 47. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi þjónustu mótuneytisins, greint eftir aldri. 27

Mynd 48. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi þjónustu mótuneytisins, greint eftir háskóladeild. 27

Mynd 49. Hefur þú íhugað að hætta námi við HA?..... 28

Mynd 50. Hefurðu íhugað að hætta námi við HA, greint eftir aldri. 28

Mynd 51. Hefurðu íhugað að hætta námi við HA, greint eftir háskóladeild. 29

Mynd 52. Tókst þú þátt í dagskrá velgengnisviku 2006?..... 31

Mynd 53. Í hvaða dagskrárliðum velgengnisviku á vegum HA tókst þú þátt?..... 32

Mynd 54. Í hvaða dagskrárliðum velgengnisviku á vegum FSHA tókst þú þátt? 33

Mynd 55. Meðaltalseinkunn dagskrárliða í velgengnisviku. 33

Mynd 56. Leitaðir þú eftir upplýsingum um velgengnisviku á heimasíðu Háskólans? 34

Töfluskra

Tafla 1. Svarhlutfall eftir háskóladeild. 2

Tafla 2. Meðalaldur svarenda eftir háskóladeild. 4

Tafla 3. Af hverju hefur þú íhugað að hætta námi við HA?..... 29

Tafla 4. Helsti kostur HA að mati nýnema. 30

Tafla 5. Helsti ókostur HA að mati nýnema..... 30

Tafla 6. Hve vel telur þú að þátttaka þín í velgengnisviku komi til með að nýtast þér í þínu háskólanámi? 34

Tafla 7. Hvern telur þú vera helstan ávinning af þátttöku þinni í velgengnisviku? 35

Tafla 8. Hvað má betur fara í dagskrá velgengnisviku? 35

1. Inngangur

Í þessari skýrslu er greint frá helstu niðurstöðum úr rannsókn sem gerð var haustið 2006 meðal nýnema við Háskólann á Akureyri. Henni er ætlað að veita forsvarsmönnum skólans frekari upplýsingar um hag nýnemanna, bakgrunn, væntingar og upplifun þeirra af skólanum.


Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri (RHA) annaðist fyrirlögn og úrvinnslu rannsóknarinnar og bar Hjördís Sigursteinsdóttir ábyrgð á henni fyrir hönd stofnunarinnar.

Við úrvinnslu gagna var tryggt að öll svör væru órekjanleg og að í öllu væri farið eftir reglum Persónuverndar um öflun og meðferð persónuupplýsinga. Niðurstöður greininga eru settar fram í myndum og töflum sem sýna hlutfall og fjölda þeirra sem svara á tiltekinn hátt. Áreiðanleiki niðurstaðna var metinn með viðeigandi tölfræðilegum aðferðum í hvert sinn og var tekið mið af slíkri greiningu í umræðu um tengsl milli svara við einstökum spurningum og þeirra bakgrunnspátta sem til skoðunar voru. Tölfræðileg úrvinnsla var unnin í SPSS en myndir og töflur í Excel.

Niðurstöður þessarar könnunar eru einnig bornar saman við fyrri nýnemakannanir sem gerðar voru árin 2000 og 2001.

2. Framkvæmd og heimtur

Könnunin náði til allra nýnema við Háskólann á Akureyri haustið 2006. Könnunin var framkvæmd á tímabilinu 27. okt. – 27. nóv. 2006. Um var að ræða opna netkönnun þar sem nýnemar fengu tölvupóst með beiðni um þátttöku í könnuninni. Sendar voru tvær ítrekanir til þátttakenda með frekari beiðni um að svara könnuninni. Alls voru það 382 einstaklingar sem fengu könnunina senda og urðu 216 þeirra við þeirri beiðni að svara könnuninni. Þetta samsvarar 56,5% svarhlutfalli sem er viðunandi í könnun sem þessari. Þó nokkrir fjarnemar höfðu samband við okkur töldu sig ekki getað svarað þessari könnun þar sem þeir þekktu skólann sjálfan svo lítið. Þátttakan er þó mun minni nú en verið hefur í undanförunum nýnemakönnunum. Árið 2000 var svarhlutfallið tæp 74% og tæp 64% árið 2001. Fyrri nýnemakannanir hafa eingöngu verið lagðar fyrir staðarnema fyrir utan könnunina árið 2001 en þá var nemendum í fjarnámi í rekstrardeild gefinn kostur á að svara könnuninni í WebCT.



Mynd 1. Svarhlutfall

Flestir svarendur eru skráðir í nemendur viðskipta- og raunvísindadeild (39,4%) en fæstir í kennaradeild (16,2%). Þessar tvær háskóladeildir eru stærstu deildirnar í skólanum, þ.e. með flesta nemendur heilt yfir. Fjórðungur þeirra sem svarar könnuninni eru í heilbrigðisdeild og 19,4% í félagsvísinda- og lagadeild.

Tafla 1. Svarhlutfall eftir háskóladeild.


Háskóladeild:	Fjöldi:	Svarhlutfall:
Félagsvísinda- og lagadeild	42	39,4%
Heilbrigðisdeild	54	25,0%
Kennaradeild	35	16,2%
Viðskipta- og raunvísindadeild	85	19,4%
Samtals:	216	100%

3. Niðurstöður

Í þessum kafla er að finna helstu niðurstöður rannsóknarinnar. Kaflanum er skipt upp í sjö undirkafla; (1) Grunnupplýsingar, (2) búseta og núverandi húsnæði, (3) menntun foreldra, (4) bakgrunnur svarenda, (5) upplýsingar um HA og val nemenda, (6) líðan í skólanum og viðhorf til HA og (7) velgengnisvika.

3.1 Grunnupplýsingar

Kynjahlutfall nemenda í skólanum er mjög skekkt, þ.e. konur eru mun fleiri en karlar eða tæp 78% nemenda á mótí aðeins tæpum 22% karla. Hvað nýnema varðar þá er kynjahlutfall þeirra ekki alveg eins skekkt en 25% nýnemanna sem byrjuðu síðastliðið haust eru karlar og 75% konur. Það voru 52 (24%) karlar sem svöruðu könnuninni og 164 (76%) konur. Svarendur könnunarinnar endurspegla þýðið því mjög vel með tilliti til kynferðis.



Mynd 2. Kynjahlutfall svarenda.

Flestir svarendur eru 22 ára eða yngri eða rúm 28% og rúm 15,3% eru á aldrinum 23-25 ára. Líðlega fimmtungur svarendar eru 26-30 ára og rúm 9% eru 41 árs og eldri. Fimm gáfu ekki upp aldur. Meðalaldur nýnema virðist fara hækkandi með árunum því meðalaldur svarenda nú er 28,53 ár en var 26,79 ár haustið 2001 og 25,98 ár haustið 2000.

Sjá má mun á aldri kvenna og karla. Karlar eru á aldrinum 19 ára til 48 ára og konur á aldrinum 19 ára til 59 ára. Meðalaldur karla er rúm 27 ár en kvenna tæp 29 ár.

Aldursbil nýnema er mun meira nú en í könnuninni 2001 en þá eru karlar á aldrinum 20-42 ára og konur á aldrinum 20-50

ára. Í þeirri könnun er meðalaldur karla og kvenna nokkuð lægri eða tæp 26 ár hjá körlum og rúm 27 ár hjá konum.


Tengsl eru milli aldurs¹ og háskóladeildar þannig að meðalaldur svarenda í kennaradeild og viðskipta- og raunvísindadeild er mun hærri en svarenda í heilbrigðisdeild og félagsvísinda- og lagadeild. Meðalaldur svarenda í félagsvísinda- og lagadeild er rúmlega 25 ár, tæplega 27 ár í heilbrigðisdeild, 31 ár í kennaradeild og rúm 30 ár í viðskipta- og raunvísindadeild. Meðalaldur nýnema í öllum deildum hefur hækkað frá fyrri könnunum, mest þó í viðskipta- og raunvísindadeild.

Tafla 2. Meðalaldur svarenda eftir háskóladeild.

Háskóladeild:	Meðalaldur 2006	Meðalaldur 2001	Meðalaldur 2000
Félagsvísinda- og lagadeild	25,45	-	-
Heilbrigðisdeild	26,63	26,33	24,56
Kennaradeild	31,00	27,94	29,85
Viðskipta- og raunvísindadeild	30,26		
Allir:	28,53	26,79	25,98


Meira en helmingur svarenda (63%) á maka, þ.e. eru giftir eða í sambúð. Þetta hlutfall er mun hærri en árið 2001 en þá var hlutfallið rúm 57%.

Jafnframt eiga rúm 55% svarenda barn eða börn. Algengast er að svarendur eigi tvö börn eða 46 svarendur. Barnafjöldi hvers svarenda liggur á bilinu eitt til fimm börn. Meðalbarnfjöldinn er 2,08 börn. Mun fleiri nýnemar eru með börn á framfæri nú en árið 2001 og árið 2000. Árið 2001 eru rúm 44% nýnemanna með börn á framfæri og 41% árið 2000. Meðalbarnafjöldinn hefur einnig hækkað því árið 2000 er hann 1,8 börn, 2,0 börn árið 2001 og svo 2,08 nú.



Mynd 3. Fjölskylduhagir.


¹ (Tau-c=,21; α=,000)



Mynd 4. Fjöldi barna sem svarendur eiga.

3.2 Búseta og núverandi húsnæði

Í langflestum tilvikum koma svarendur til Akureyrar gagnert til að stunda háskólanám eða í 65% tilvika en 35% svarenda voru búsettir hér á Akureyri áður en þeir hófu nám við HA. Hlutfall þeirra sem þegar búa á staðnum er mun lægra nú en í síðustu könnunum. Árið 2001 búa tæplega 60% á Akureyri áður en þeir hófu háskólanámið og 53% árið 2000.



Mynd 5. Varst þú búsett(ur) á Akureyri áður en þú hófst nám við HA?


Tengsl eru milli búsetu² og kynferðis þannig að algengara er að konur en karlar hafi flust í bæinn til að stunda háskólanám.

² (Tau-c=,15; α=,012)

Helmingur karla bjó hér í bænum áður en þeir hófu háskólanámið en aðeins 30% kvenna.

Meirihluti svarenda býr í eigin húsnæði eða tæp 56% svarenda. Tæp 10% býr á stúdentagörðum, 14% hjá foreldrum eða ættingjum og fimmtungur í öðru leiguhúsnæði. Hlutfall þeirra sem býr í eigin húsnæði fer hækkandi milli kannana. Árið 2000 bjó 35% í eigin húsnæði og 42% árið 2001. Hlutfall þeirra sem býr hjá foreldrum eða ættingjum er mun lægra nú en áður eða 14% á mótum um 21% bæði árið 2001 og árið 2000.

Tengsl eru milli kynferðis³ og húsnæðis þannig að konur búa í mun meira mæli en karlar í eigin húsnæði. Einnig eru tengsl milli aldurs⁴ og húsnæðis þannig að hærri aldur þýðir herra hlutfall sem býr í eigin húsnæði. Engin tengsl finnast milli háskóladeildar og húsnæðis.



Mynd 6. Í hvernig húsnæði býrð þú?

3.3 Menntun foreldra


Algengast er að foreldrar svarenda séu báðir með grunnskólamenntun eða í þriðjungum tilvika. Í fæstum tilvikum er um að ræða að svarendur eigi foreldra þar sem annað þeirra hefur háskólamenntun og hitt grunnskólamenntun. Í 12% tilvika

³(Tau-c=,16; α =,010)

⁴ (Tau-c=,37; α =,000)

hafa báðir foreldrar svarenda háskólamenntun. Menntun foreldra er mjög svipuð og verið hefur í fyrri nýnemakönnunum.

Tengsl eru milli kynferðis⁵ og menntunar foreldra þannig að foreldrar karla hafa öllu jöfnu meiri menntun en foreldrar kvenna.



Mynd 7. Menntun foreldra.


3.4 Bakgrunnur svarenda

Svarendur koma í raun alls staðar af landinu en þó aðallega af landsbyggðinni. Skólarnir voru flokkaðir saman eftir landssvæðum fyrir utan framhaldsskólana á Akureyri, þ.e. Menntaskólann á Akureyri (MA) og Verkmenntaskólann á Akureyri (VMA).

Eins og áður kemur rúmur helmingur svarenda úr framhaldsskólunum á Akureyri, MA og VMA eða 55% svarenda. Í þessari könnun koma þó hlutfallslega færri frá VMA en í fyrri könnunum eða 35% á móti 39% árið 2001 og 48% árið 2000. Hins vegar hefur hlutfall nemenda úr MA hækkað töluvert og stunduðu 24% svarenda í könnuninni nú þar nám áður en þeir

⁵(Tau-c=,21; α =,002)


höfu háskólanám sitt en hlutfallið var 18% árið 2001 og árið 2000. Jafnframt má sjá að hlutfall nýnema af höfuðborgarsvæðinu hækkar stöðugt því í þessari könnun eru það 24,2% svarenda sem voru þar í framhaldsskóla en hlutfallið er 21,9% árið 2001 og 16,0% árið 2000.



Mynd 8. Hvar voru nýnemar í framhaldsskóla?

Hvað námsbrautir varðar þá er þeim skipt upp í níu flokka; (1) Félagsfræðibraut, (2) náttúrufræðibraut, (3) viðskipta- og hagfræðibraut (4) málabraut, (5) listnámsbraut, (6) almennt nám, (7) iðnnám og vélstjórn, (8) annað starfsnám og (9) nám á háskólastigi.

Flestir koma af félagsfræðibraut eða fjórðungur svarenda. Næst flestir svarendur flokkuðust undir annað starfsnám en þar er að finna nemendur af brautum eins og matreiðslubraut, íþróttabraut og sjúkraliðabraut svo eitthvað sé nefnt. Athygli vekur hversu margir svarendur hafa verið í háskólanámi áður en þeir hófu nám hér við skólann síðastliðið haust. Þetta eru bæði nemendur sem hafa byrjað í öðrum háskóla og ekki klárað og jafnframt er hér um að ræða nemendur í framhaldsnámi en þeim hefur fjölgað mikið síðustu ár hér við HA.



Mynd 9. Af hvað braut komu svarendur?

3.5 Upplýsingar um HA og val nemenda


Langtum algengast er að svarendur fái sínar fyrstu upplýsingar um HA af heimasíðu skólans og frá vinum. Það eru 56% svarenda sem svara því til að hafa fengið sínar fyrstu upplýsingar um HA af heimasíðunni og 54,6% frá vinum. Heimasíðan er orðinn mjög mikilvægur miðill til að miðla upplýsingum til væntanlegra nemenda sem og annarra sem þurfa á upplýsingum um HA að halda. Fram að þessu hafa flestir fengið sínar fyrstu upplýsingar um HA frá vinum en í könnuninni nú fá fleiri sínar fyrstu upplýsingar um HA af heimasíðunni. Athygli vekur hversu fáir fengu sínar fyrstu upplýsingar á þeim þremur skólakynningum sem skólinn tók þátt í eða stóð að, þ.e. skólakynningu framhaldsskólanna, skólakynningu í HA og á sameiginlegri kynningu háskólanna.

Tengsl eru milli kynferðis⁶ og upplýsingagjafar frá foreldrum þannig að karlar fá í mun meira mæli en konur sínar fyrstu upplýsingar um HA frá foreldrum. Menntun foreldra⁷ hefur veruleg áhrif á hvort svarendur fái sínar upplýsingar um HA frá þeim eða ekki. Þeir svarendur sem eiga foreldra sem farið hafa

⁶(Tau-c=,06; α =,026)

⁷(Tau-c=,18; α =,000)

Í gengum eitthvert nám fá í meira mæli sínar fyrstu upplýsingar um HA frá þeim, jafnframt má sjá að því lengra sem nám foreldra er (hærri prófgráða) þeim mun herra hlutfall þeirra veitir börnum sínum þeirra fyrstu upplýsingar um HA.



Mynd 10. Hvernig fékkst þú fyrst upplýsingar um HA?

Hvað aldur varðar þá eru tengsl milli aldurs og skólakynningar HA⁸, skólakynninga í framhaldsskólum⁹ og sameiginlegrar skólakynningar háskólanna¹⁰ þannig að hærri aldur þýðir lægra hlutfall sem fær sínar fyrstu upplýsingar um HA á einhverri af þessum skólakynningum. Einnig eru tengsl milli aldurs og kynningarbréfs HA¹¹ þannig að yngri svarendur en eldri svara í mun meira mæli að þeir fái sína fyrstu upplýsingar um HA í kynningarbréfi frá skólanum. Ennfremur eru tengsl milli aldurs og upplýsingagjafar frá foreldrum¹² og fjölmiðlum¹³. Hærri aldur þýðir lægra hlutfall svarenda sem fær sínar fyrstu upplýsingar um HA frá foreldrum og hærri aldur þýðir herra

⁸(Tau-c=,23; α =,000)

⁹(Tau-c=,38; α =,000)

¹⁰(Tau-c=,14; α =,008)

¹¹(Tau-c=,10; α =,042)

¹²(Tau-c=,11; α =,009)

¹³(Tau-c=,19; α =,002)

hlutfall svarenda sem fær sínar fyrstu upplýsingar um HA úr fjölmiðlum.

Hvað háskóladeild varðar þá kemur í ljós að tengsl eru milli háskóladeildar¹⁴ og skólakynningar HA þannig að svarendur úr félagsvísinda- og lagadeild fá í mun meira mæli en svarendur úr öðrum háskóladeildum sínar fyrstu upplýsingar um HA á skólakynningu í HA.

Eins og áður þá er það staðsetning háskólans sem dregur svarendur fyrst og fremst að skólanum en þó eru í þessari könnun mun fleiri en áður sem velja skólann vegna ákveðins námsframboðs. Segja má að þetta séu tvö veigamestu atriðin sem laða nýnema að skólanum. Það eru rétt tæp 60% svarenda sem svara því til að hafa valið HA vegna staðsetningar skólans og 51% vegna námsframboðsins. Fæstir velja HA vegna kunningja eða rétt rúm 11% svarenda.

Tengsl eru milli kynferðis¹⁵ og orðstírs þannig að konur velja í meira mæli en karlar HA vegna orðstírs skólans. Aldur hefur einnig töluverð áhrif á val svarenda á námi við HA. Tengsl eru milli aldurs og staðsetningar¹⁶ þannig að lægri aldur þýðir hærra hlutfall sem velur HA vegna staðsetningar skólans. Einnig eru tengsl milli aldurs og sérstakra áherslna í námi¹⁷ þannig að svarendur 25 ára og yngri velja HA í meira mæli en svarendur á öðrum aldri vegna sérstakra áherslna hans í námi. Ennfremur koma fram tengsl milli aldurs og stærðar skólans¹⁸ þannig að lægri aldur þýðir hærra hlutfall sem velur HA vegna stærðar hans.

Hvað háskóladeild varðar þá má sjá að það eru aðallega svarendur úr félagsvísinda- og lagadeild sem velja HA vegna annarra ástæðna. Tengsl eru milli háskóladeilda og staðsetningar¹⁹ þannig að mun hærra hlutfall svarenda úr félagsvísinda- og lagadeild velja HA vegna staðsetningar hans en svarendur úr öðrum háskóladeildum eða rúm 83% svarenda

¹⁴(Tau-c=,13; α = ,016)

¹⁵(Tau-c=,13; α = ,008)


¹⁶(Tau-c=,27; α = ,000)

¹⁷(Tau-c=,16; α = ,016)

¹⁸(Tau-c=,14; α = ,009)

¹⁹(Tau-c=,26; α = ,000)

á mói 48-61% svarenda úr öðrum háskóladeildum. Jafnframt eru tengsl milli háskóladeildar og sérstakra áherslna í námi²⁰ þannig að mun hærra hlutfall svarenda úr félagsvísinda- og lagadeild velja HA vegna sérstakra áherslna hans í námi en svarendur úr öðrum háskóladeildum eða tæp 43% svarenda á mói 14-19% svarenda úr öðrum háskóladeildum. Ennfremur eru tengsl milli háskóladeildar og stærðar skólans²¹ þannig að svarendur úr félagsvísinda- og lagadeild og heilbrigðisdeild velja HA í mun meira mæli en svarendur úr öðrum háskóladeildum vegna stærðar skólans eða 24-29% svarenda á móti 3-7% úr svarenda úr hinum háskóladeildunum.




Mynd 11. Hvers vegna valdir þú HA?

Fyrir helming svarenda kom til greina að fara í annan skóla en HA. Kynferði, aldur eða háskóladeild hafa ekki áhrif á þetta val. Þó má sjá að nokkuð hærra hlutfall karla svarar því til að til greina hafi komið að velja annan skóla en HA þó munurinn hafi ekki reynst marktækur. Jafnframt má sjá að fyrir mun fleiri svarendur úr kennaradeild, en öðrum háskóladeildum, kom til greina að velja annan háskóla en HA.


²⁰(Tau-c=,14; α = ,033)

²¹(Tau-c=,20; α = ,000)

Í nýnemakönnuninni árið 2000 eru það 54% sem svara að til greina hafi komið að velja annan skóla en HA, aðallega nemendur úr þáverandi rekstrardeild. Í nýnemakönnun árið 2001 er hlutfallið hins vegar 42%.




Mynd 12. Kom til greina fyrir þig að velja annan skóla en HA, greint eftir kyni?



Mynd 13. Kom til greina fyrir þig að velja annan skóla en HA, greint eftir háskóladeild.


Algengast er að svarendur nefni að til greina hafi komið að fara í Háskóla Íslands eða 21 aðili og 18 aðilar nefna Háskólann í Reykjavík. Athygli vekur að svarendur nefna í raun allar skólastofnanir á háskólastigi á Íslandi nema Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri auk þess sem þeir nefna háskóla erlendis. Í nýnemakönnuninni árið 2000 nefna svarendur í langflestum tilvikum að til greina hafi komið að fara í Háskóla Íslands en í nýnemakönnuninni árið 2001 sækja bæði Háskólinn í Reykjavík og Kennaraháskóli Íslands mjög í sig veðri og bilið milli þessara háskólastofnana minnkar. Sama þróunin er í þessari könnun nú. Hlutfall svarenda sem nefna þessa skóla hækkar og hlutfall svarenda sem nefnir Háskóla Ísland lækkar.



Mynd 14. Hvaða annar skóli kom til greina?

3.6 Líðan í skólanum og viðhorf til HA


Misjafnt er hversu vel skólanum hefur tekist að uppfylla væntingar svarenda varðandi ýmsa þjónustu- og aðstöðupætti. Þjónusta bókasafnsins hefur þó uppfyllt væntingar svarenda langbest og aðstaða í kennslustofum langverst. Segja má að í raun hafi allir þjónustupættir uppfyllt væntingar svarenda nokkuð vel sem og námið sjálft en hins vegar hefur öll aðstaða og kennslan sjálf ekki staðið nægjanlega vel undir væntingum.




Mynd 15. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar?

Við nánari skoðun á hverjum þætti fyrir sig má sjá að langtum algengast er að svarendur gefi náminu sjálfu einkunirnar fjóra

og fimm. Tengsl eru milli kynferðis²² og væntinga varðandi námið þannig að konur telja í mun meira mæli en karlar að námið hafi staðið mjög vel undir væntingum. Einnig koma fram tengsl milli aldurs²³ og væntinga varðandi námið þannig að svarendur í elsta aldurshópnum og aldurshópurinn 25-29 ára svara í mun meira mæli en svarendur í öðrum aldurshópum að skólinn hafi uppfyllt væntingar þeirra varðandi námið mjög vel. Svarendur 24 ára og yngri telja í mun meira mæli en aðrir svarendur að námið standist ekki alveg væntingar þeirra. Lítinn mun er að finna á svörum fólks eftir háskóladeild en þó má sjá að mun hærra hlutfall svarenda úr félagsvísinda- og lagadeild og viðskipta- og raunvísindadeild telja að skólinn hafi í raun ekki uppfyllt væntingar þeirra varðandi námið.




Mynd 16. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi námið, greint eftir kyni.



Mynd 17. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi námið, greint eftir aldri.


²²(Tau-c=,13; α=,033)

²³ (Tau-c=,13; α=,007)




Mynd 18. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi námið, greint eftir háskóladeild.

Hvað kennsluna varðar þá er algengast að svarendur gefi kennslunni einkunina fjóra og síðan þrjá. Greinilegt er á svarendum að skólinn hefur ekki uppfyllt væntingar þeirra nægjanlega vel hvað kennsluna varðar. Tengsl eru milli aldurs²⁴ og þess hversu vel skólanum hefur tekist að uppfylla væntingar svarenda varðandi kennsluna þannig að svarendur á aldrinum 20-24 ára og 30-34 ára eru mun óánægðari en svarendur á öðrum aldri með kennsluna. Einnig koma fram tengsl milli háskóladeildar og þess hversu vel skólanum hefur tekist að uppfylla væntingar svarenda varðandi kennsluna þannig að svarendur í viðskipta- og raunvísindadeild eru mun óánægðari en svarendur úr öðrum háskóladeildum með kennsluna. Svarendur úr heilbrigðisdeild eru mun ánægðari en svarendur úr öðrum háskóladeildum með kennsluna.




Mynd 19. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi kennsluna, greint eftir kyni.

²⁴(Tau-c=,11; α=,032)



Mynd 20. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi kennsluna, greint eftir aldri.




Mynd 21. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi kennsluna, greint eftir háskóladeild.


Ljóst er að svarendur eru síst ánægðir með aðstöðu í kennslustofum og gefa henni í langflestum tilvikum einkunnina fjóra og þrjá. Tengsl koma fram milli aldurs²⁵ og þess hversu vel skólinn hefur uppfyllt væntingar svarenda varðandi aðstöðu í kennslustofum þannig að hækkandi aldur þýðir öllu jöfnu meiri ánægju með aðstöðuna og svo öfugt. Jafnframt koma fram tengsl milli háskóladeildar²⁶ og aðstöðu í kennslustofum. Svarendur í heilbrigðisdeild eru mun ánægðari með aðstöðu í kennslustofnum en svarendur úr öðrum háskóladeildum, sérstaklega svarendur úr viðskipta- og raunvísindadeild..

²⁵(Tau-c=,18; a=,001)


²⁶(Tau-c=,12; a=,032)



Mynd 22. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi aðstöðu í kennslustofum, greint eftir kyni.




Mynd 23. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi aðstöðu í kennslustofum, greint eftir aldri.




Mynd 24. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi aðstöðu í kennslustofum, greint eftir háskóladeild.

Hvað aðstöðu í lesstofum varðar þá eru svarendur almennt ekki nógu ánægðir með hana og hefur hún ekki uppfyllt væntingar svarenda nægjanlega vel. Algengast er að svarendur gefi henni einkunnina fjóra eða þrjá. Engin tengsl koma fram eftir þeim bakgrunnspáttum sem til skoðunar eru og væntinga varðandi aðstöðu í lesstofum. Þó má sjá að svarendur í


aldurshópnum 35-39 ára eru mun óánægðari en svarendur í öðrum aldurshópum með aðstöðuna í lesstofum þó munurinn reynist ekki marktækur.



Mynd 25. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi aðstöðu í lesstofum, greint eftir kyni.




Mynd 26. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi aðstöðu í lesstofum, greint eftir aldri.




Mynd 27. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi aðstöðu í lesstofum, greint eftir háskóladeild.

Segja má að skólinn hafi ekki uppfyllt væntingar svarenda varðandi aðstöðu í tölvurými nægjanlega vel. Algengast er að


svarendur gefi henni einkunnina fjóra og þrjá. Engin tengsl koma fram milli væntinga varðandi aðstöðu í tölvurými og þeirra bakgrunnspáttá sem til skoðunar eru. Þó má sjá að svarendur úr elsta aldurshópnum sem og svarendur úr kennaradeild eru mun ánægðari en svarendur úr öðrum hópum þó munurinn hafi ekki reynst marktækur.



Mynd 28. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi aðstöðu í tölvurými, greint eftir kyni.




Mynd 29. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi aðstöðu í tölvurými, greint eftir aldri.




Mynd 30. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi aðstöðu í tölvurými, greint eftir háskóladeild.

Almennt séð hefur skólinn uppfyllt væntingar svarenda varðandi þjónustu bókasafnsins mjög vel því helmingur svarenda gefur henni einkunnina fimm og þriðjungur einkunnina fjóra. Þetta er sá þáttur sem fær hæstu meðaleinkunnina (4,32) og flestir svarendur gáfu honum einkunnina fimm. Tengsl eru milli kynferðis²⁷ og þess hversu vel skólinn hefur uppfyllt væntingar varðandi þjónustu bókasafnsins þannig að mun hærra hlutfall kvenna en karla gefa henni einkunnina fimm en mun hærra hlutfall karla en kvenna sem gefur henni einkunnina fjóra. Jafnframt koma fram tengsl milli háskóladeilda og væntinga varðandi þjónustu bókasafnsins þannig að mun lægra hlutfall svarenda úr viðskipta- og raunvísindadeild en úr öðrum háskóladeildum gefur henni einkunnina fimm.




Mynd 31. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi þjónustu bókasafnsins, greint eftir kyni.




Mynd 32. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi þjónustu bókasafnsins, greint eftir aldri.

²⁷(Tau-c=,14; α=,009)



Mynd 33. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi þjónustu bókasafnsins, greint eftir háskóladeild.


Þjónusta deildarskrifstofa er sá þjónustupáttur sem kemur næst verst út af þeim þjónustupáttum sem svarendur voru beðnir um að taka afstöðu til. Þó gefa svarendur þessum þjónustupætti meðaleinkunnina 4,16 og algengasta einkunnin er fjórir en síðan fimm. Tengsl eru milli kynferðis²⁸ og þess hversu vel skólinn hefur uppfyllt væntingar varðandi þjónustu deildarskrifstofa þannig að konur eru mun ánægðari en karlar með þessa þjónustu. Jafnframt komu fram tengsl milli háskóladeilda²⁹ og þjónustu deildarskrifstofa þannig að svarendur úr viðskipta- og raunvísindadeild telja í meira mæli en svarendur úr öðrum háskóladeildum að skólinn uppfylli ekki alveg væntingar þeirra varðandi þjónustu deildarskrifstofa.




Mynd 34. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi þjónustu deildarskrifstofu, greint eftir kyni.

²⁸(Tau-c=,14; α=,039)

²⁹(Tau-c=,14; α=,019)



Mynd 35. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi þjónustu deildarskrifstofu, greint eftir aldri.




Mynd 36. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi þjónustu deildarskrifstofu, greint eftir háskóladeild.


Hvað afgreiðslu skólans varðar þá eru svarendur næst ánægðastir með þjónustu hennar af þeim þáttum sem þeir voru beðnir um að taka afstöðu til. Flestir gefa henni einkunnina fjóra en síðan kemur einkunnin fimm. Tengsl eru milli kynferðis³⁰ og þjónustu afgreiðslu skólans þannig að skólinn hefur í mun meira mæli uppfyllt væntingar kvenna en karla til afgreiðslu skólans. Jafnframt koma fram tengsl milli háskóladeilda³¹ og þess hversu vel skólinn hefur uppfyllt væntingar svarenda varðandi þjónustu afgreiðslu skólans þannig að svarendur úr viðskipta- og raunvísindadeild upplifa þjónustu afgreiðslu skólans ekki eins vel og svarendur úr öðrum háskóladeildum.

³⁰(Tau-c=,15; α=,024)


³¹(Tau-c=,12; α=,037)



Mynd 37. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi þjónustu afgreiðslu skólans, greint eftir kyni.




Mynd 38. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi þjónustu afgreiðslu skólans, greint eftir aldri.




Mynd 39. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi þjónustu afgreiðslu skólans, greint eftir háskóladeild.

Hvað þjónustu tölvukerfis varðar þá má segja að sá þjónustuþáttur uppfylli væntingar svarenda nokkuð vel en algengast er að svarendur gefi henni einkunnina fjóra en síðan kemur einkunnin fimm. Engin tengsl koma fram milli væntinga varðandi þjónustu tölvukerfis og þeirra bakgrunnspátta sem til skoðunar eru. Þó má sjá að konur eru mun ánægðari en karlar


með þjónustu tölvukerfisins þó munurinn hafi ekki reynst marktækur.



Mynd 40. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi þjónustu tölvukerfis, greint eftir kyni.



Mynd 41. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi þjónustu tölvukerfis, greint eftir aldri.




Mynd 42. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi þjónustu tölvukerfis, greint eftir háskóladeild.


Þjónusta gagnasmiðjunnar hefur staðið þokkalega undir væntingum svarenda og er algengast að þeir gefi henni einkunnina fjóra en síðan kemur einkunnin fimm. Tengsl eru milli kynferðis³² og þess hversu vel skólinn hefur uppfyllt væntingar varðandi þjónustu gagnasmiðjunnar þannig að mun herra hlutfall kvenna en karla gefur henni einkunnina fimm.

³²(Tau-c=,18; α=,007)


Ennfremur koma fram tengsl milli háskóladeilda³³ og þjónustu gagnasmiðjunnar þannig að mun hærra hlutfall svarenda úr heilbrigðisdeild en svarenda úr öðrum háskóladeildum gefur henni einkunnina fimm. Jafnframt má sjá að svarendur úr viðskipta- og raunvísindadeild er mun óánægðari en svarendur úr öðrum háskóladeildum með þjónustu gagnasmiðjunnar.



Mynd 43. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi þjónustu gagnasmiðjunnar, greint eftir kyni.




Mynd 44. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi þjónustu gagnasmiðjunnar, greint eftir aldri.




Mynd 45. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi þjónustu gagnasmiðjunnar, greint eftir háskóladeild.

³³(Tau-c=,15; α=,010)


Þjónusta mótuneytisins er sá þjónustubáttur sem fær lakasta meðaleinkunn meðal svarenda eða 4,03. Jafnmargir gefa þessum þjónustubætti einkunnina fjóra og einkunnina fimm. Engin tengsl koma fram milli væntinga varðandi þjónustu mótuneytis og þeirra bakgrunnspátta sem til skoðunar eru. Þó má almennt sjá að því eldri sem svarendur eru þeim mun betur uppfyllir skólinn væntingar svarenda varðandi þjónustu mótuneytisins.



Mynd 46. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi þjónustu mótuneytisins, greint eftir kyni.




Mynd 47. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi þjónustu mótuneytisins, greint eftir aldri.



Mynd 48. Hversu vel hefur skólinn uppfyllt væntingar þínar varðandi þjónustu mótuneytisins, greint eftir háskóladeild.

Rétt um 14% nýnemanna hefur þegar íhugað að hætta námi við HA. Þetta er mun lægra hlutfall heldur en í könnununum árið 2000 og 2001. Árið 2000 hafði þriðjungur svarenda íhugað að hætta námi við HA og fjórðungur árið 2001.


Sjá má að nokkuð hærra hlutfall karla en kvenna hefur íhugað að hætta námi við HA þó munurinn sé ekki marktækur.



Mynd 49. Hefur þú íhugað að hætta námi við HA?


Tengsl eru milli aldurs³⁴ og þess að hafa íhugað að hætta námi við HA þannig að svarendur úr yngsta aldurshópnum hafa í mun meira mæli en svarendur úr öðrum aldurshópum íhugað að hætta námi.

Sjá má að mun hærra hlutfall svarenda úr kennaradeild heldur en heilbrigðisdeild hefur íhugað að hætta námi við HA en í heild kemur ekki fram marktækur munur eftir háskóladeild.



Mynd 50. Hefurðu íhugað að hætta námi við HA, greint eftir aldri.

³⁴ (Tau-c=,15; α=,005)



Mynd 51. Hefurðu íhugað að hætta námi við HA, greint eftir háskóladeild.

Það helsta sem kemur fram í svörum fólks varðandi ástæður fyrir því að viðkomandi hefur íhugað að hætta námi við HA er að námið sé of erfitt, annað hvort heilt yfir eða einhverjir ákveðnir áfangar. Í einhverjum tilfellum er um að ræða að þetta sé hreinlega of mikið með vinnu. Einnig bar nokkuð á að námið sem viðkomandi er í hentar ekki eða standi ekki nægjanlega undir þeim væntingum sem viðkomandi hafði gert sér. Nokkrir nefndu t.d. skil á verkefnum og einkunum, þau berist seint og illa og gætir þar einnig óánægju varðandi námið. Svörin eins og þau koma fyrir er að finna í viðauka.

Tafla 3. Af hverju hefur þú íhugað að hætta námi við HA?

Þættir sem nefndir voru:	Fjöldi:
Erfitt nám	8
Námið hentar ekki	7
Óánægja með skipulag	4
Áhugaleysi/námsleiði	3
Fjárhagur	3
Tímaleysi	2

Eins og í fyrri könnunum þá er það smæð skólans sem svarendur telja vera hans helsta kost. Fámennið gerir hann persónulegri, aðgengi að kennurum er auðveldara sem og starfsfólki og öll samskipti verða nánari og persónulegri fyrir vikið. Jafnframt nefna margir að fjarnámið sé helsti kostur skólans og námsframboðið sem gefi kost á vinnu samhliða námi. Athygli vekur hversu fáir telja nú að staðsetning skólans sé hans helsti kostur en í fyrri könnunum hefur það verið einn

af hans lykilþáttum. Nú nefna svarendur ýmsa aðra kosti oftari en staðsetninguna. Svörin eins og þau komu fyrir er að finna í viðauka.

Tafla 4. Helsti kostur HA að mati nýnema.

Þættir sem nefndir voru:	Fjöldi:
Smæð skólans	47
Fjarnámið	36
Persónulegur skóli	33
Gæði kennslu, kennara og starfsfólks	28
Aðgengi að kennara	26
Góður og framsækinn skóli	26
Námsframboð	17
Aðstaðan	16
Félagslíf	16
Gott samfélag	14
Staðsetning skólans	11
Annað	6

Hvað helstu ókosti HA að mati nýnema varðar þá er það aðstaðan, þá einkum bílastæðismálin og þrengsli í kennslustofum. Ennfremur nefndu margir að kennsluborðin væru of lítil og allt svo þröngt. Þó nokkrir nefna það sem helsta ókost HA að skólinn sé ekki staðsettur allur á einum stað. Einnig eru nokkrir ekki nógu ánægðir með skipulag innan skólans, bæði hvað varðar uppsetningu námsins og tíðar breytingar á stofuskipan. Þó nokkrir einstaklingar nefna það að þeir hreinlega finni enga ókosti við HA, allavega ekki ennþá. Svörin eins og þau komu fyrir er að finna í viðauka.


Tafla 5. Helsti ókostur HA að mati nýnema.

Þættir sem nefndir voru:	Fjöldi:
Aðstaðan	30
Skólinn ekki á einum stað	22
Skipulag innan skólans	20
Kennslu ábótavant	14
Staðsetningin	11
Námsframboð of lítið	10
Kennarar ekki nógu tæknivæddir	10
Fjársveltið	7
Tölvuþjónustan	6

3.7 Velgengnisvika

Í upphafi hvers skólaárs er nýnemum boðið upp á svokallaða velgengnisviku. Annars vegar er um að ræða dagskrá á vegum Háskólans á Akureyri (HA) og hins vegar dagskrá á vegum Félags stúdenta við Háskólann á Akureyri (FSHA).

Að þessu sinni eru það tæp 78% svarendur sem tóku þátt í dagskrá velgengnisviku. Mun fleiri svarendur tóku þátt í dagskrá á vegum HA en dagskrá á vegum FSHA. Það eru 77% svarenda sem tóku þátt í einhverjum af dagskrárliðum HA en aðeins 44% sem tóku þátt í einhverjum af dagskrárliðum FSHA.



Mynd 52. Tókst þú þátt í dagskrá velgengnisviku 2006?


Ýmsar ástæður liggja að baki því að sumir svarendur taka ekki þátt í velgengnisvikunni. Algengast er að svarendur voru ekki á staðnum eða í 36% tilvika og 41% hafði hreinlega ekki tök á því vegna vinnu eða annarra ástæðna. Aðeins tveir einstaklingar svara því til að þeir hafi ekki haft áhuga, aðrir tveir að þeir hafi ekki haft þörf fyrir það og einn vissi hreinlega ekki af henni.

Hvað dagskrárliði á vegum HA varðar þá má segja að þátttakan sé góð í þeim öllum. Algengast er að svarendur taki þátt í kynningu á tölvukerfinu eða rúm 95% þeirra sem tóku þátt í einhverjum dagskrárliðum. Fæstir taka þátt í bókasafns-kynningunni en þó eru það 80% svarenda taka þátt í henni.

Tengsl finnast milli aldurs³⁵ og kynningar á húsnæði og aðstöðu skólans þannig að hærri aldur þýðir herra hlutfall sem tekur þátt í þeirri kynningu og svo öfugt með þeirri undantekningu að elsti aldurshópurinn tekur í minna mæli en aðrir þátt í henni.

³⁵(Tau-c=,15; α = ,038)

Ekki er hægt að finna önnur tengsl milli þessarar spurningar og þeirra bakgrunnsþátta sem til skoðunar eru.



Mynd 53. Í hvaða dagskrárliðum velgengnisviku á vegum HA tókst þú þátt?

Segja má að helmingur þeirra sem taka þátt í velgengnisviku taka líka þátt í dagskrá á vegum FSHA, eða 57% svarenda að þessu sinni. Algengast er að svarendur taki þátt í deildarkvöldi eða 70 manns. Þetta þýðir að tæp 74% þeirra sem taka þátt í einhverjum af dagskrárliðum FSHA sækja deildarkvöldið. Minnst er þátttakan í bíóferðinni en aðeins 11 manns tóku þátt í henni í síðustu velgengnisviku.


Við skoðun á bakgrunnsþáttum og dagskrárliðum velgengnisviku má sjá nokkur tengsl, eins og t.d. milli aldurs³⁶ og þess að taka þátt í grilli í útigarðinum þannig að hærri aldur þýðir lægra hlutfall sem tók þátt í þeim dagskrárlið. Sömu sögu er að segja varðandi deildarkvöldið³⁷ og óvissuferðina³⁸ en þeir sem yngri eru sóttu þessa dagskrárliði í mun meira mæli en þeir eldri. Jafnframt koma fram tengsl milli kyns³⁹ og óvissuferðarinnar þannig að mun herra hlutfall kvenna en karla fór í þá ferð.

³⁶(Tau-c=,27; α = ,014)

³⁷(Tau-c=,21; α = ,045)


³⁸(Tau-c=,39; α = ,000)

³⁹(Tau-c=,19; α = ,039)




Mynd 54. Í hvaða dagskrárlíðum velgengnisviku á vegum FSHA tókst þú þátt?

Upplifun svarenda af dagskrárlíðum bæði HA og FSHA er almennt mjög góð. Almennt séð virðast þó svarendur hafa verið ánægðari með dagskrárlíði FSHA heldur en HA þó munurinn sé óverulegur. Svarendur eru ánægðastir með kynninguna á WebCT og óvissuferðina í Kjarnaskóg. Minnst er ánægjan með kynninguna á tölvukerfinu og bíóferðina.



Mynd 55. Meðaltalseinkunn dagskrárlíða í velgengnisviku.

Í langflestum tilvikum leita svarendur eftir upplýsingum um velgengnisvikuna á heimasíðu háskólans eða rúm 90% svarenda. Þeir sem ekki gera það telja sig flestir ekki þurfa þess, bæði vegna þess upplýsingarnar eru til staðar á prenti og að vinir eða kunningjar vita allt sem vita þarf.



Mynd 56. Leitaðir þú eftir upplýsingum um velgengnisviku á heimasíðu Háskólans?

Upplýsingasíða velgengnisviku á vefnum leggst frekar vel í fólk og fær hún meðaleinkunnina 3,8 af fimm mögulegum. Konur eru mun ánægðari með upplýsingasíðuna en karlar og gefa henni meðaleinkunnina 3,85 en karlar 3,62. Svarendur úr félagsvísinda- og lagadeild eru ánægðastir með síðuna (meðaltal 3,95) en svarendur úr viðskipta- og raunvísindadeild síst ánægðir (meðaltal 3,69).

Svarendur telja almennt séð að þátttaka þeirra í velgengnisvikunni komi til með að nýtast þeim nokkuð vel í háskólanáminu. Á kvarðanum 1-5 er meðaleinkunnin 3,64. Konur⁴⁰ telja í mun meira mæli en karlar að þátttakan komi til með að nýtast þeim mjög vel því meðaleinkunn kvenna er 3,79 en 3,18 hjá körlum. Jafnframt má sjá að aldur hefur áhrif á mat svarenda þannig að hærri aldur þýðir hærri meðaleinkunn. Svarendur úr félagsvísinda- og lagadeild og kennaradeild telja í meira mæli en svarendur úr heildbrigðisdeild og viðskipta- og raunvísindadeild að þátttaka í velgengnisvikunni komi til með að nýtast þeim í námi.

Tafla 6. Hve vel telur þú að þátttaka þín í velgengnisviku komi til með að nýtast þér í þínu háskólanámi?

Bakgrunnsbreytur	Lægsta einkunn 1	2	3	4	Hæsta einkunn 5	Meðal-einkunn
Allir	1,8%	9,7%	29,7%	40,0%	9,7%	3,64
Karlar	5,1%	20,5%	33,3%	33,3%	7,7%	3,18
Konur	0,8%	6,3%	28,6%	42,1%	22,2%	3,79
Félagsvísinda- og lagadeild	5,1%	7,7%	25,6%	35,9%	25,6%	3,69
Heilbrigðisdeild	0,0%	7,1%	40,5%	40,5%	11,9%	3,57
Kennaradeild	0,0%	8,0%	20,0%	48,0%	24,0%	3,88
Viðskipta- og raunvísindadeild	1,7%	13,6%	28,8%	39,0%	16,9%	3,56

⁴⁰(Tau-c=,24; α=,001)

Það helsta sem stendur upp úr hjá svarendum varðandi síðastliðna velgengnisviku er að hafa hitt samnemendur sína og fengið að kynnast þeim sem og skólanum, að hafa fengið leiðsögn um skólann og fá þannig þverskurðarmynd af honum. Einnig eru það nokkrir sem telja að kennslan á WebCT hafi verið helsti ávinningurinn af því að taka þátt í velgengnisvikunni. Sjá nánar svörin eins og þau komu fyrir í viðauka.

Tafla 7. Hvern telur þú vera helstan ávinning af þátttöku þinni í velgengnisviku?

Helsti ávinningur:	Tíðni svara
Hitta samnemendur	45
Kennsla á tölvukerfið	31
Kennsla á WebCT	29
Fá leiðsögn um skólann	29
Fá þverskurðarmynd af skólanum	21
Kynnast skólanum	21
Hitta nýtt fólk	17
Fá gagnlegar upplýsingar	15
Fá upplýsingar um námið	15
Auðveldara að byrja í skólanum	15
Kynningin á skólanum	6

Það helsta sem svarendur settu út á varðandi velgengnisvikuna var hversu götótt dagskráin er, þ.e. dreifð en þeir hefðu frekar viljað hafa þéttari dagskrá og færri daga. Þetta tengist einnig svörum varðandi betra skipulag fyrir fjarnema þar sem sumir þeirra tóku fram að dagskrá með eyðum og svona margir dagar henti ekki fjarnemum. Jafnframt taka fleiri í sama streng, sérstaklega hvað varðar fjölda daga. Svörin eins og þau komu fyrir er að finna í viðauka.

Tafla 8. Hvað má betur fara í dagskrá velgengnisviku?

Það sem betur má fara:	Tíðni svara
Þéttari dagskrá, færri dagar	18
Stærri stofur fyrir kynningar	6
Betra skipulag fyrir fjarnema	5
Betri kynningu á húsnæði	4
Betra skipulag á dagskrá	4

4. Lokaorð

Í þessari skýrslu er að finna helstu niðurstöður úr rannsókn sem gerð var meðal nýnema haustið 2006. Henni er ætlað að afla upplýsinga um hag nýnemanna, bakgrunn, væntingar og upplifun þeirra af skólanum. Skýrslan gefur glögga mynd af þessum þátt og segja má að heilt yfir séu nýnemar nokkuð ánægðir námið, aðstöðuna og þá þjónustu sem skólinn veitir þeim. Mun færri nýnemar hafa íhugað að hætta námi við skólan en fram hefur komið í fyrri könnunum. Hvað kynningarmálin varðar þá sannast hér enn frekar mikilvægi heimasíðunnar, hún er sá miðill þar sem langtum flestir nýnemanna fá sínar fyrstu upplýsingar um HA. Staðsetning skólans og námsframboðið eru helstu ástæður þess að svarendur völdu HA fram yfir aðra háskóla en fyrir meginþorra svarenda kom til greina að fara í annan skóla. Fram kemur hjá svarendum að þeir eru mjög ánægðir með hversu lítill og persónulegur skólinn er sem gerir það að verkum að tengsl milli nemenda, kennara og starfsfólks verða meiri og betri.

Góð þátttaka var í velgengnisvikunni, sérstaklega hvað varðar dagskrárliði HA og heilt yfir almenn ánægja með þá.

Í skýrslunni koma fram ýmsar ábendingar um hvað má betur fara og eins hvað er vel gert. Nokkur gagnrýni kom fram á aðstöðu skólans, sérstaklega hvað varðar bílastæðið á Sólborg sem og þrengsli í skólastofum og stærð kennsluborða. Skýrslu sem þessa á að nota til að líta yfir farinn veg og skoða á gagnrýnin hátt hvernig upplifun nýnema er af skólanum í þeim tilgangi að gera góðan skóla enn betri.

5. Viðauki

Af hverju hefurðu íhugað að hætta námi við HA?

- Allt of mikil áhersla viðskiptagreinarnar.
- Almenn óvissa um áframhaldandi nám
- Erfitt nám
- Ég er í fjarnámi með fullri vinnu og með fjölskyldu, þannig að það hefur verið svolítið álag á allt og alla.
